

1869.
12. janúar.

Grafningshrepp sér í lagi, hafið þér, herra stiptamtmaður, tekið fram, að svo fjærri fari, að nein ástæða hafi verið til að bregða útaf þessari reglu hans vegna, að hann hafi einmitt veturinn 1866—67 reynzt óáreiðanlegri en nokkur annar hreppur í suðuramtinu, og að Grafningsmenn hafi þar á ofan gjört þeim tveimur umsjónarmönnum, sem skipaðir voru úr Ölfushrepp í desembermánuði 1866, svo erfitt fyrir, að það hafi orðið nauðsynlegt að bæta þriðja umsjónarmanninum við.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess að þér auglýsið það, að, þó að það geti verið vafasamt, hvort skilningur sá á ákvörðuninni í 2. grein í tilskipun 5. janúarmán. 1866, sem þér fylgið fram, sé réttur almennt, þá hlýtur dómsmálastjórnin að álíta eptir þeim skýrslum, sem fram eru komnar, að í því tilfelli, sem hér er um að ræða, hafi verið ástæða til að kveðja til utansveitarmenn til að hafa umsjón með heilbrigðisástandi fjárens í Grafningshrepp og böðun þess. Samkvæmt þessu verður Grafningshreppur ekki leystur undan að gjalda kostnað þann, sem af því hefir leidd, en hins vegar skal leyft eptir atvikum, að gjaldinu sé skipt niður á 2 ár, þannig að helmingurinn verði greiddur á manntalsþingunum vorid 1869 og hinn helmingurinn á manntalsþingunum vorid 1870.

12. janúar.

2. Bréf dómsmálastjórnarinnar til utanrikisstjórnarinnar, um fiskiveiðar útlendra þjóða við strendur Íslands.

Konungsfulltrúi á alþingi Íslendinga 1867 hefir sent hingað bænarskrá frá alþingi um fiskiveiðar útlendra manna við strendur Íslands, er fylgir í eptirriti með bréfi þessu ásamt eptirriti af kafla úr álitsskjali konungsfulltrúa, og er þess farið á leit í bænarskránni:

1) að stjórn konungs mætti halda áfram samninga tilraunum sínum við stjórnina á Frakklandi og Bretlandi um fiskiveiðar

1869.

12. janúar.

þeirra við strendur Íslands, á þann hátt, er hún sér Íslendingum hentugast eptir málavöxtum og kringumstæðum þeirra, og sér í lagi, að hún reyni að fá hina síðarnefndu til að senda herskip til Íslands á hverju sumri, er hafi eptirlit með athæfi brezkra sjómanna við strendur landsins, og

- 2) að stjórnin reyni í samningum sínum við Frakka og Breta að fara því á flot, að fiskiskip þeirra fari eigi til fiskiveiða inn á Faxaflóa nè Breiðafjörð fyrri en um vertíðarlok (12. maímán.), ef hún fær eigi stjórn þessara landa til að samþykkja þau veiðitakmörk í Faxaflóa og á Breiðafirði, er liggja fyrir utan vanaleg fiskimið landsmanna.

Jafnframt og dómsmálastjórnin enn fremur skal leyfa sér að senda með bréfi þessu eptirrit af kafla úr skýrslu, sem Albeck kapteinn, foringi fyrir herskipinu Fylla, sem hafði stöðvar sínar við Ísland í sumar, er leið, hefir sent sjóliðsstjórninni um samninga sína við frakkneska herskipaforingjann um fiskiveiðar Frakka við strendur Íslands, skulum vèr útaf ósk þeirri, sem alþingi hefir borið upp í fyrra niðurlagsatriðinu í bænarskránni, að reynt verði að koma því til leiðar við ensku stjórnina, að hún sendi á hverju ári vopnað skip til Íslands til að hafa gætur á hegðun ensku fiskimannanna, leyfa oss að mælast til, að utanríkisstjórnin láti skýra ensku stjórninni frá umkvörtunum Íslendinga yfir yfirgangi þeim, er ensku fiskimennirnir hafi haft í frammi, og að tekið verði fram um leið við hana, að þó að danska stjórnin kannist við, að það sé skylda hvers ríkis að halda uppi lögum og reglu innan takmarka ríkisins og að sjá réttindum þegnanna borgið fyrir yfirgangi, þá þækti henni miklu skipta — sökum þess hversu erfitt er vegna landsháttanna, víðáttu strandanna og fólksfæðarinnar, að halda uppi eins góðri reglu, og vera ber, með fram ströndum Íslands, — ef að enska stjórnin gæti komið því við, eptir því hvernig flotanum er ráðstafað, að senda vopnað skip til Íslands í þessu skyni, þó ekki væri á hverju ári, þá samt endrum og sinnum.

Þar sem alþingi því næst hefir farið þess á leit, að samningunum við frakknesku og ensku stjórnina um fiskiveiðarnar við Ísland verði haldið áfram, þá treystir dómsmálastjórnin því,

1869.
12. janúar.

að utanríkisstjórnin hlutist um, að samningunum, sem lengi hafa staðið yfir, um að ákveða takmarkalínu fyrir fiskiveiðum Frakka inni á Faxaflóa og ef til vill inni á Breiðafirði, verði fylgt fram í þá stefnu, sem seinast er vikið á í bréfi dómsmálastjórnarinnar 22. októbermán. 1866¹⁾, og viljum vèr þar að auki bera undir álit utanríkisstjórnarinnar, hvort ekki mætti taka það varaatriði inn í samningana, að frakknesku fiskimennirnir megi ekki fara inn á Faxaflóa eða Breiðafjörð til að fiska, fyr en vetrarvertíð Íslendinga er lokið (12. maímán.), eður þá að minnsta kosti, að frakkneska stjórnin seti það sem skilyrði fyrir, að nokkurt fiskiskip geti fengið verðlaun þau, sem sett eru fyrir fiskiveiðar, að það hafi ekki fiskað inni á tæðum flóum fyr en eptir vetrarvertíðar lok.

29. janúar.

3. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um endurgjald fyrir útgjöld á embættisferð.

Í bréfi dagsettu 19. nóvembermán. f. á. hafið þér, herra amtmaður, sókt um, að yður verði veitt hæfilegt endurgjald fyrir kostnað þann, sem þér auk sjálfs ferðakostnaðarins hafið haft á embættisferð yðar í fyrra til Barðastrandarsýslu og Ísafjarðarsýslu, sem stóð yfir í 13 daga. Útaf þessu skal dómsmálastjórnin leiða athygli yðar að því, að samkvæmt konungsúrskurði 16. maímán. 1829, smbr. bréf innanríkisstjórnarinnar til vesturamtsins 21. septembermán. 1849 um vísitassiuferðir biskupsins, bera amtmönnum ekki fæðispeningar á embættisferðum þeirra, heldur endurgjald allt að 100 rd. á ári hverju fyrir allan þann kostnað, sem þeir í raun og veru hafa haft á ferðinni eptir nákvæmum reikningi með fylgiskjölum, ef á þarf að halda. Þér eruð því bednir, herra amtmaður, að senda

¹⁾ Smbr. bréf dómsmálastjórnarinnar til utanríkisstjórnarinnar 10. ágústmán. 1864 hér að framan.